

og íbúðabyggð við Vesturtún, Blátún og Skólatún og til suðurs og vesturs af miðsvæðisreit og Breiðumýri. Á svæðinu eru m.a. skólar, íþróttamiðstöð, íþróttavellir og framtíðaraðstaða skáta með skátaheimili. Gert er ráð fyrir stækkun Álftanesskóla og íþróttamiðstöðvar. Göngustígar eru að aðliggjandi hverfum. Gert er ráð fyrir færslu göngustígs milli Vesturtúns 40 og 42 í átt að húsi nr. 40.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Suðurtún.*

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps samþykkti þann 16. nóvember 1999 verulega breytingu á deiliskipulagi Suðurtúns á miðsvæðisreit í Bessastaðahreppi. Skipulagssvæðið afmarkast til austurs af opnu svæði meðfram Norðurnesvegi, til suðurs af íbúðasvæði á miðsvæðisreit, til vesturs af íbúðabyggð við Skólatún og til norðurs af Eyvindarstaðavegi. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 36 íbúðum í par- og raðhúsum í stað 24 par- og raðhúsa í gildandi deiliskipulagi miðsvæðisreits.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 25. nóvember 1999.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um nýtt fasteignamat.

#### 1. gr.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 1. nóvember sl. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða, hlunninda og bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum, sbr. þó stafliði b til og með í hér á eftir, hækki um 3,5% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,035.
- b. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Seltjarnarnesi) svo og matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 18% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,18.
- c. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á Akureyri hækki um 10% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.
- d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli á Árskógsströnd, í Fellabæ og Nesjum í Hornafirði hækki um 15% og verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,15.
- e. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 10%: Gerðahreppi, Vogum, Akranesi, Borgarnesi, Hellissandi, Rífi, Ólafsvík, Grundarfirði, Dalvík, Höfn, Vestmannaeyjum, Stokkseyri og Hveragerði. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,10.

- f. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum hækki um 7%: Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Njarðvík, Egilsstöðum og Selfossi. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,07.
- g. Matsverð íbúða í fjölbýli í Stykkishólmi hækki um 10% og verður framreiknistuðull íbúða í fjölbýli samkvæmt því 1,10.
- h. Matsverð íbúða í sérbýli á Ísafirði hækki um 7% og verður framreiknistuðull íbúða í sérbýli samkvæmt því 1,07.
- i. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á eftirtöldum stöðum verði óbreytt: Patreksfirði, Þingeyri, Flateyri, Raufarhöfn, Eskifirði, Búðum í Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Djúpavogi. Verður framreiknistuðull samkvæmt því 1,0.

Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1998 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

### 2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

### 3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppflettingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

### 4. gr.

Með vísan til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 1. desember 1999.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 676 25. nóvember 1998.

*Fjármálaráðuneytinu, 25. nóvember 1999.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Björn Hafsteinsson.*